

BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða nýtt íbúðarhús og sambyggða bílageymslu á einni hæð að Syðra-Seli í Hrunamannahreppi.

Matshluti 03
 Landnúmer L166822
 Staðgreinir 8710-2-00071000
 Grunnflötur 269.2 m²
 Rúmmál 969.5 m³

Húsið verður felld inn í landslagið þannig að aðeins framhlíðin er sýnileg. Íbúðin er hönnuð fyrir fimm íbúa. Þrjú rúmgóð herbergi, tvær snyrtingar og tilheyrandi fylgirými uppfylla rýmisþörf samkvæmt grein 6.7.1 í byggingareglugerð.

LÓÐ OG SKIPULAG: Syðra-Sel er bújörð í Hrunamannahreppi. Aðkoma að nýju íbúðarhúsi er af Selsvegi (3450) sunnan við bæjartorfu Syðra-Sels. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir jörðina. Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins (2016-2032) er heimilt að reisa stök íbúðarhús í tengslum við núverandi bæjartorfu.

UNDIRSTÖÐUR, gólfplata, útvæggir, berandi innveggir og þakplata eru úr járnbenntri steinsteypu.

EINANGRUN: Útvæggir: 100 mm steinull að utanverðu. Þak 200 mm steinull að ofanverðu. Undir gólfplötu 100mm polystyren. Utan á sökklum 70mm steinull. U-gildi húss skv. meðfylgjandi töflu.

Kólnunartölur (W/m² K)

	Krafa	Reiknað
Gólf	< 0.30	0.24
Þak	< 0.20	0.20
Útvæggir	< 0.40	0.38
Útvæggir að jarðvegi	< 0.40	0.27
Vegji meðaltal útvægja	< 0.85	0.58

LOFTRÆSTING KLÆÐNINGA OG ÞÉTTLEIKI:

Útvæggjklæðningar verða loftræstar með 35mm loftbili innan við ystu klæðningu. Gætt verður að því að raka- og vindvarnir séu fullnægjandi svo raki og lofthreyfing hafi ekki óæskileg áhrif á einangrunargildi byggingarhluta og ekki geti orðið uppsöfnun raka. Þéttleiki verður ekki lakari en ákvæði reglugerðar (gr. 13.5)

UTANHÚSS KLÆÐNINGAR: Sýnilegir veggir verða klæddir með áborinni viðræðningu. Veggir sem jarðvegur leggst að verða varðir með takkadúk utan á einangrun. Þak verður lagt tveggja laga ábrennum asfaltduk ofan á einangrun. Ofan á dúkinn verður lögð þunn gróðurþekja sem fengin er í nágrenninu.

GLUGGAR og HURÐAR verða úr timbri með tvöföldu einangrunargleri. Í gólfsíðum gluggum verður öryggisgler.

INNANHÚSS KLÆÐNINGAR OG LÉTTIR VEGGIR: Klæðningar bílageymslu verða í flokki 1, úr gísi eða sementsbundnum spónaplötum. Aðrar klæðningar ekki lakari en í flokki 2 úr gísi/krossvið/panel á timbur/blíkkgrind. Umferðarbreidd innihurða uppfyllir ákvæði byggingareglugerðar, grein 6.4.3.

BRUNAVARNIR: Veggur sem aðskilur bílageymslu frá íbúð er uppsteyptur með ekki lakari brunamótstöðu en REI60. Hurð á milli íbúðar og bílageymslu verður EI60 CS. Í bílageymslu er ein gönguhurð út auk hurðar að íbúð. Bílskúrshurð er 8.6 m² og nýttist til reyklosunar. Í íbúð eru fimm hurðar út auk björgunaropa á svefnherbergjum. Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd. Reykskynjarar alls hússins verða samtengdir.

SKÝRINGAR:

Málsetningar á afstöðumynd eru í metrum. Aðrar málsetningar eru í mm. Hæðarkótur eru í metrum og miða við að gólfkóti íbúðar sé K:0.00. Afstöðumynd og skráningartöflu er að finna á uppdraetti A02

NF GÓLFNIÐURFALL
 LR LOFTRÆSTING
 BO BJÖRGUNAROP
 ST SLÖKKVITÆKI
 ET ELDVARNARTEPPI
 RS REYKSKYNJARI
 ⇒⇒ RÝMINGARLEIÐ

VOTRYMI: Gólf votryma verða lögð vatnsheldum hálfurfríum efnum og halla að öryggisniðurföllum.

LOFTRÆSTING: Í rýmum við norðurhlíð sem ekki hafa opnanlega glugga verður vélræn loftræsting. Einnig í eldhúsi. Önnur rými eru loftræst náttúrulega um opnanleg fög.

HLJÓÐVIST uppfyllir kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt ÍST 45. Óþægindi vegna hávaða innan rýma verða þannig takmörkuð.

ÖRYGGI VIÐ NOTKUN: Íbúðarhúsið er hannað þannig að slysaþættu sé haldið í lágmarki og ákvæði 12. kafla byggingareglugerðar séu uppfyllt.

INNTÖK fyrir neysluvatn og hitaveitu eru staðsett í bílageymslu.

UPPHITUN verður með gólfhitakerfi tengdu hitaveitu.

NEYSLUVATN verður lagt í eða undir steypa plötu með PEX-lögnum í hlífðarkápu að töppunarstað. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstað sé minni en 65 C°.

FRÁRENSLI: Skolplagnir tengjast rotþró. Lágmarksstærð 3000 lítrar. Staðsetning skv. afstöðumynd. Þak- og jarðvatn tengist siturlögnum eða svelg. Frágangur rotþró og siturlagna skal vera skv. reglugerð 797/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (4.útg. nóv. 2003).

RAFLAGNIR eru huldar bak við klæðningu veggja og lofts. Rafmagnstafla er staðsett í bílageymslu. Birtuskilyrði og ljósmagn verður í samræmi við fyrirhugaða notkun hússins. Hönnun lýsingar verður gerð af raflagnahönnuði.

ELDSTÓ (kamína) verður til staðar. Gengið verður frá henni skv. leiðbeiningum MVS nr 192.BR1 um eldstæði og reykháfa. Hæð reykkrörs frá þaki verður lóðrétt >0.8 m og lárétt >3.0 m.

SETLAUG verður með læsanlegu loki og og í meira en 40 cm hæð.

ÞAK verður girt af til þess að hindra umferð og koma í veg fyrir fallhættu.

SORP er afsettt í tunnur, flokkað skv. fyrir mælum sveitarfélagsins og haft aðgengilegt sorpbílum. Möguleg staðsetning er sýnd á afstöðumynd.

BÍLASTÆÐI eru fjögur við íbúðarhúsið. Gert verður ráð fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla.

HÖNNUÐUR

Sig. U. Sig.

HÖNNUNARSTJÓRI

Sig. U. Sig.

**SYÐRA-SEL
 HRUNAMANNAHREPPI
 ÍBÚÐARHÚS**

20201790

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRATTUR
 GRUNNMYND, ÚTLIT, SNIÐ OG BYGGINGARLÝSING

HANNAÐ/TEIKNAD: SUS DAGS: 24.03.2020 Mkv: 1:100 A A1 TEIKN. NR: **A01**

